

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnésinga.

Fundur stjórnar Listasafns Árnésinga, haldinn 28. febrúar 2017 kl.14:00 í Listasafni Árnésinga.

Mættir eru Aldís Hafsteinsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Inga Jónsdóttir safnstjóri og Brynhildur Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Lauslegt yfirlit yfir starfsemi safnsins árið 2016
 - a. Gestafjöldi – Inga safnstjóri hefur tekið saman tölur um gestafjölda og á síðasta ári voru þeir um 9.600. Sérstaðan er sú að það eru fleiri Íslendingar sem sækja safnið en erlendir gestir. Í viðhengi má sjá samantekt á gestafjölda frá árinu 2005 þegar farið var að taka saman gestatölur eftir að safnið var flutt í Hveragerði.
 - b. Sýningar. *Mörk* stóð áfram frá fyrra ári (2015) sem og *Listamannabærinn Hveragerði*, en settar voru upp sex nýjar sýningar á árinu 2016.
 - i. *Keramík* (2. mars – 1. maí). Á sýningunni voru tæplega 500 stór og smá verk eftir 47 félagsmenn í Keramíkfélagi Íslands.
 - ii. *KvíKví* (2. mars – 1. maí). Margmiðlunar innsetning eftir þýska myndlistamanninn Heike Baranowsky og í gjörningnum sem fram fór við Seljavallalaug og lá innsetningunni til grundvallar tóku þátt kvennakór frá Suðurlandi undir stjórn Gróu Hreinsdóttur
 - iii. *Rúri: Tíma – Tal* (14. maí – 1. ágúst). Mörg verkanna tengjast útlistaverkinu *Sólgátt* sem í undirbúningi er að setja upp við Sólheima í Grímsnesi og einnig öðrum stöðum á Suðurlandi. Verkin endurspeglar heimspekilegar vangaveltur um tíma, afstæði, gildi og afstöðu mannsins til alheimsins.
 - iv. Pétur Thomsen: *Tíð / Hvörf* (14. maí – 1. ágúst). Á ljóðrænan hátt mátti sjá hvernig tíminn hefur sett mark sitt á lífið í kringum listamanninn í Grafningi og breytingar í náttúrinni innan ákveðins tímaramma, en allar myndirnar voru teknar að nóttu til.
 - v. *Tímalög* (12. ágúst – 13. nóvember). Hér var teft saman verkum eftir tvo myndlistarmenn ólíkra kynslóða. Málverkum frá tímabilinu 1968–1978 eftir Karl Kvaran (1924-1989 og málverkum og skúlptúrum eftir Erlu Þórarinsdóttur (1955) frá síðustu tíu árum.
 - vi. *Nautn / Conspiracy og Pleasure* (26. nóv. -) Samstarfssýning með Listasafninu á Akureyri þar sem hin ýmsu lögmál og birtingarmyndir nautnar eru útgangspunktur listamannanna sex sem verk eiga á sýningunni. Þeir eru Anna Hallin, Birgir Sigurðsson, Eygló Harðardóttir, Guðný Kristmannsdóttir, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Jóhann Ludvig Torfason / Pabbakné.

Sýningarnar gengu vel, en erfiðar hefur gengið að ná athygli fjölmiðla enda menningar-umfjöllun almennt lítil í þeim. Sýningarnar *Tíma-Tal*, *Tíð/Hvörf* og *Nautn*

náðu þó umfjöllun í menningarþætti Kastljóss. Ýmis dagskrá var haldin í tengslum við hverja sýningu og aðsókn að þeim er góð. Alltaf er líka í boði afþreying fyrir börn.

- c. Safngestakönnun. Safnstjóri lagði könnun fyrir gesti síðustu tvær vikurnar í júlí 2016. Þar kemur fram að nánast allir eru ánægðir með heildarupplifun af heimsókn í safnið – einu neikvæðu athugasemdirnar eru að það sé erfitt að finna það.

2. Úttektar skýrslur

- a. Mannvirkjastofnun – Rafmagnsöryggisvið
LÁ lenti í úrtaki hjá Mannvirkjastofnun sem er faggilt skoðunarstofa á rafmagnssviði – þeir skiluðu skýrslu með nokkrum athugasemdum. Safnstjóri hefur leitað til rafverktaka vegna nauðsynlegra úrbóta samkvæmt skoðunarskýrslu. Samþykkt var að safnstjóri leiti til rafverktaka um nauðsynlegar úrbætur.
- b. Listasafn Árnésinga lenti í fyrsta úttektarhópnum hjá Safnaráði á síðasta ári sem fólst í því að skila inn fjölmörgum gögnum varðandi starfsemi safnsins. Úrvinnsla Safnaráðs er væntanleg í skýrslu í byrjun mars.

3. Lagnamál safnsins

Safnstjóri lagði fram minnispunkta eftir heimsókn pípulagningamanns í LÁ þar sem gerð var lausleg úttekt á hitakerfi hússins og í ljós kom alvarlegt ástand. Endurnýjun lagna þolir ekki bið. Lausleg kostnaðaráætlun hljóðar upp á að minnsta kosti 2.500.000 krónur.

Stjórnin beinir því til eiganda hússins, Héraðsnefndar, hvort að ekki sé tímabært að kanna með hvaða hætti viðhaldsverkefnum fasteigna í þeirra eigu sé háttað. Safnstjóra og formanni stjórnar falið að kanna ítalegra umfang þeirra úrbóta sem þarf að fara í og skila til stjórnar LÁ innan fjögurra vikna.

4. Kynning á Listrými – námskeið

LÁ fékk styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurlands til námskeiðshalds í safninu. Á fyrstu þremur mánuðum ársins eru í boði tíu námskeið og kennarar/leiðbeinendur eru listamenn búsettir í Árnessýslu. Prentaður var bæklingur sem var dreift á öll heimili í Árnessýslu. Stjórn þakkar safnstjóra fyrir gott framtak og þeim listamönnum sem tóku þátt í verkefninu. Ánægjulegt væri að sjá framhald á slíku og áætlað er að verkefnið verði þróað áfram.

5. Erindi vegna listaverkagjafa.

- a. Sirra – listaverkið Hreyfingar. Það er margmiðlunar verk sem var til sýnis á sýningunni Geymar í LÁ vorið 2015. Sirra er fædd og uppalin á Selfossi og hefur vakið eftirtekt sem listamaður. Stjórn LÁ þiggur gjöfina og er Sirru þökkuð gjöfin.
- b. Ásta Guðvarðardóttir vill gefa verk eftir Höskuld Björnsson en hún hefur áður gefið safninu nokkur verk eftir Höskuld. Sumarið 2008 efndi safnið til stórrar sýningar á verkum eftir Höskuld en hann bjó og starfaði m.a. á Laugarvatni en lengst af í Hveragerði. Stjórn LÁ þiggur gjöfina og er Ástu þökkuð gjöfin.
- c. Listaverkasafn Valtýrs Péturssonar.

Stjórn LÁ þakkar að safninu standi til boða að eignast verk eftir Valtýr Pétursson, en fyrir er eitt verk í eigu LÁ eftir VP sem var hluti af stofngjöf Bjarnveigar Bjarnadóttur.

Valtýr var í hópi þeirra listamanna sem settu hvað sterkastan svip á eftirstríðsárin á Íslandi bæði sem listamaður og gagnrýnandi. VP hélt árlega sumarsýningu í Prastarlundi á árunum 1974-1987. Safnstjóra er falið velja þau verk sem sem hún telur að geti styrkt listaverkæign LÁ.

- d. Gislína Björnsdóttir vill gefa sex tús – teikningar eftir Hans Christiansen. Fyrir á safnið verk eftir Hans Christiansen, en hann bjó og starfaði í Hveragerði.

Stjórn LÁ þiggur gjöfina og þakkar Gíslínu fyrir gjöfina.

Stjórn felur safnstjóra móttöku gjafanna í samræmi við reglur safnsins þar um.

6. Möguleikar í tekjuöflun - Veitingasala/Safnbúð

Tveir sýnt áhuga á rekstri en engar útfærslur unnar. Mikilvægt að koma upp vísi að safnbúð sem fyrst. Þessum lið er frestað til næsta fundar.

7. Vettvangsferð stjórnar – dagsetning fastsett.

Stjórn LÁ samþykkir að fara í vettvangsferð 16 maí nk þar sem söfn á höfuðborgarsvæðinu verða heimsótt. Safnstjóri falið að skipuleggja ferðina.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:10 næsti fundur fyrirhugaður í apríl.

Aldís Hafsteinsdóttir

Brynhildur Jónsdóttir

Unnsteinn Eggertsson

Inga Jónsdóttir